

Reglur Lagastofnunar Háskóla Íslands um stofnun og starfsemi rannsóknastofa í lögfræði

Samþykktar á stjórnarfundum Lagastofnunar 29. júní 2009

1. gr. – Stofnun rannsóknastofu

Stjórn Lagastofnunar getur ákveðið að setja á fót rannsóknastofur í einstökum greinum lögfræði. Fastir kennarar við lagadeild (prófessor, dósent eða lektor), forstöðumaður og sérfræðingar Lagastofnunar geta óskað eftir því við stjórn Lagastofnunar að stofnuð verði rannsóknastofa og skal skýra frá ástæðum þessa og þeirri rannsóknastarfsemi sem þar er ætlað að fari fram. Einnig skal koma fram hvort rannsóknastofu sé ætlað að starfa ótímabundið er til ákveðins tíma í senn. Rannsóknastofa getur verið þverfræðileg, enda sé lögfræði ein af þeim greinum sem rannsóknir taka til.

Rannsóknastofa er faglega sjálfstæð rannsóknastofnun í samræmi við 4. gr. reglna um Lagastofnun Háskóla Íslands.

2. gr. – Hlutverk

Hlutverk rannsóknastofu er einkum:

- a. að stunda fræðilegar rannsóknir á sérgreindu rannsóknasviði;
- b. að efla samvinnu innan lagadeildar og Lagastofnunar, við aðra háskóla, háskóladeildir og stofnanir sem stunda rannsóknir á sama fræðasviði;
- c. að efla alþjóðlegt samstarf við fyrrgreinda aðila;
- d. að kynna og birta opinberlega rannsóknaniðurstöður á fræðasviðinu hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi, og
- e. að efla þátttöku meistara- og doktorsnema í rannsóknaverkefnum sem falla innan fræðasviðsins.

3. gr. – Aðsetur og fjárhagsleg aðgreining

Rannsóknastofa hefur aðsetur í Lögbergi og sérstaka heimasíðu sem er hluti af heimasíðu Lagastofnunar.

Lagastofnun annast skrifstofuhald, þ.m.t. fjármálalega umsýslu, bókhald og starfsmannahald. Jafnframt aðstoðar Lagastofnun rannsóknastofuna við að afla styrkja fyrir einstök verkefni sem eru unnin af hennar hálfu.

Starfsemi sérhvarrar rannsóknastofu skal haldið bókhaldslega aðskildri frá almennri starfsemi Lagastofnunar með sérstöku viðfangsefnanúmeri.

4. gr. – Stjórn rannsóknastofu og hlutverk

Stjórn Lagastofnunar skal skipa rannsóknastofu stjórn til þriggja ára í senn. Einn stjórnarmanna skal vera formaður stjórnar og forstöðumaður rannsóknastofunnar. Hann skal vera fastráðinn kennari við lagadeild Háskóla Íslands, forstöðumaður eða sérfræðingur Lagastofnunar og hafa víðtæka rannsóknareynslu á því sviði sem rannsóknastofan starfar á. Aðrir stjórnarmenn skulu hafa sérþekkingu á því sviði sem rannsóknastofan starfar á. Seta í stjórn rannsóknastofu er ólaunuð.

Formaður stjórnar rannsóknastofu boðar fundi stjórnar og stýrir þeim. Halda skal a.m.k. einn fund á ári. Afrit af fundargerðum skal senda til Lagastofnunar. Formaður stjórnar stofunnar er í forsvari fyrir þau rannsóknaverkefni sem unnin eru á vegum hennar á hverjum tíma.

Stjórn rannsóknastofunnar ber að upplýsa Lagastofnun um rannsóknaverkefni sem unnin eru á vegum stofunnar. Tilkynningu um meiri háttar rannsóknaverkefni skal fylgja rannsóknaráætlun, upplýsingar um fjármögnun viðkomandi verkefnis, rekstraráætlun og upplýsingar um þátttakendur.

Stjórn rannsóknastofu ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á vinnslu viðkomandi verkefnis.

5. gr. – Tekjur rannsóknastofu

Tekjur rannsóknastofu eru styrkir opinberra rannsókn- og vísindasjóða, fyrirtækja og einstaklinga og tekjur vegna þjónustuverkefna sem unnin eru samkvæmt sérstökum samningi þar að lútandi. Rannsóknastofu er óheimilt að stofna til útgjalda sem ekki er getið um í rannsókn- og/eða rekstraráætlun sbr. 4. gr. án samþykkis Lagastofnunar.

Fjármununum skal varið til þess að greiða kostnað samkvæmt rannsókn- og rekstraráætlun, t.d. vegna ráðingar starfsmanna, tækjakaupa, ferða o.fl. sem af viðkomandi rannsókn hlýst.

5% af heildarstyrk eða tekjum fyrir verkefni rennur til Lagastofnunar. Ef verkefni er umfangsmikið skal þóknun til Lagastofnunar ákveðast í samræmi við samning þar að lútandi.

6. gr. - Gildistaka

Reglur þessar taka gildi þegar þær hafa verið samþykktar á fundi Lagastofnunar. Við gildistöku þessara reglna falla úr gildi reglur Lagastofnunar Háskóla Íslands um stofnun og starfsemi rannsóknastofa í lögfræði frá 2003.

